



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA LAGASTOFNUNAR 2013



© Pétur Alan

Ársskýrsla Lagastofnunar 2013

EFNISYFIRLIT

Formáli.....	3
Almennt yfirlit og stjórn	5
Útgáfa – Ritróð Lagastofnunar	5
Endurmenntunarnámskeið.....	6
Norrænt rannsóknaseminar í fjármunarétti.....	9
Hvatakerfi vegna rannsókna.....	9
Rannsóknadagur Lagastofnunar og hádegisfundir um rannsóknir	10
Samstarfssamningur Lagastofnunar og Fjármálaeftirlitsins.....	10
Málstofur, málþing, opnir fundir og ráðstefnur	10
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	11
Ritstörf kennara lagadeildar 2013	12

Formáli

Starfsemi Lagastofnunar á árinu 2013 einkenndist af því að lögð var megináhersla á endurmenntunarnámskeið fyrir dómara, lögmenn, lögfræðinga og aðra sérfræðinga en í staðinn var ákveðið að hafa færri opna fundi og málstofur miðað við undanfarin ár. Námskeiðin voru í mörgum tilvikum haldin samhliða meistaranámskeiðum lagadeildar en þannig geta kennarar og sérfræðingar deildarinnar komið á framfæri hagnýtum upplýsingum úr kennslu til starfandi lögfræðinga og sérfræðinga á vinnumarkaði. Auk þess hafa erlendir sérfræðingar verið fengnir til landsins á vegum Lagastofnunar til námskeiðahalds. Þörfin fyrir markviss símenntunarnámskeið er augljóslega til staðar en haldin voru átta vel sótt námskeið á árinu, þar af tvö með erlendum kennurum.

Boðað var til fjögurra opinna fræðafunda á árinu auk þess sem haldinn var fundur fyrir norska lögmennsstofu um Icesave.

Á árinu kom út eitt hefti í ritröð Lagastofnunar, 2. útgáfa *Um sönnun í sakamálum*, sem kom upphaflega út árið 2007. Ný lög um meðferð sakamála tóku gildi um mitt ár 2008 og allmargir dómar höfðu verið uppkveðnir þar sem reyndi á hina nýju löggjöf sem kallaði á endurskoðun efnisins. Var þetta í fyrsta skipti sem efni ritraðar var uppfært og endurútgafið. Efnið er ákaflega hagnýtt og notað í kennslu þannig að endurútgáfan mæltist vel fyrir.

Lagastofnun stóð fyrir norrænu rannsóknaseminarí (Nordiske formueretsdager 2013) í apríl. Um er að ræða samstarfsvettvang norrænna fræðimanna á sviði fjármunaréttar frá flestum háskólum Norðurlanda sem stofnað var til árið 1994. Háskólarnir hafa skipst á að bjóða til eins og hálf dags málþings annað hvert ár og var þetta í fyrsta skipti sem það var haldið á Íslandi. Þátttakendur voru hátt í 100 manns. Viðburð sem þennan er ekki hægt að halda án utanaðkomandi fjárstuðnings og veglegur styrkur Lex lögmennsstofu, ásamt minni styrk frá Letterstedtska föreningen, gerði Lagastofnun kleift að halda málþingið sem tókst ákaflega vel.

Rannsóknadagur Lagastofnunar var haldinn í annað skipti í september og var m.a. fjallað um nýtt stigamatskerfi Háskóla Íslands og leiðir til að efla upplýsingaflæði milli starfsmanna. Hefur þessi vettvangur mælst vel fyrir og er liður í að efla rannsóknasamstarf innan lagadeildar, við aðrar deildir og erlenda fræðimenn með það að markmiði að auka styrkjasókn í innlenda og erlenda rannsóknasjóði.

Komið var á hvatakerfi af hálfu Lagastofnunar til að fjölga umsóknum starfsmanna lagadeildar í samkeppnissjóði. Umbunað verður fyrir góðar umsóknir sem ekki fá styrk auk viðbótargreiðslu til rannsóknaverkefna sem fá styrki úr samkeppnissjóðum. Vonir eru bundnar við að umsóknum í rannsóknssjóði muni fjölga vegna þessara styrkja.

Samkvæmt samningi Lagastofnunar og Mannréttindastofnunar (MHÍ) sinnir Lagastofnun umsýslu og framkvæmdastjórn fyrir MHÍ en gerð er nánari grein fyrir starfsemi MHÍ í ársskýrslu þeirrar stofnunar.

Lagastofnun og Fjármálaeftirlitið skrifuðu undir samstarfssamning til tveggja ára í desember í þeim tilgangi að efla rannsóknir á sviði fjármálaréttar. Á grundvelli samningsins réð

Lagastofnun Arnald Hjartarson lögfræðing og LL.M. í fullt starf sérfræðings til að sinna rannsóknum í fjármálarétti frá og með 1. janúar 2014.

Ársskýrsla Lagastofnunar hefur ekki verið gefin út undanfarin ár en ákveðið var að gefa út ársskýrslu frá og með árinu 2013 til að gera starfsemi stofnunarinnar og ritstörf fræðimanna sýnilegri en verið hefur.

Reykjavík, 6. nóvember 2014

María Thejll
forstöðumaður Lagastofnunar

Ragnheiður Bragadóttir
stjórnarformaður Lagastofnunar

Almennt yfirlit og stjórn

Lagastofnun Háskóla Íslands
Lögbergi við Suðurgötu, 101 Reykjavík
Sími 525 5203 / lagastofnun@hi.is
www.lagastofnun.hi.is

Lagastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir lagadeild og er vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs í lögfræði.

Hlutverk stofnunarinnar er fyrst og fremst að stuðla að og styðja við hvers konar rannsóknir og kennslu á sviði lögfræði. Einnig sinnir stofnunin lögfræðilegum þjónustuverkefnum á borð við álitserðir og skýrslur.

Stjórn Lagastofnunar var þannig skipuð árið 2013: María Elvira Mendez Pinedo prófessor formaður, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, Páll Sigurðsson prófessor, Ragnheiður Bragadóttir prófessor og Kristín Jónsdóttir laganemi meðstjórnendur. Ný stjórn sömu aðila var skipuð 1. október utan þeirrar breytingar að Ragnheiður Bragadóttir tók þá við stjórnarformennsku af Mariu Elviru Mendez Pinedo.

Forstöðumaður í fullu starfi var María Thejll hdl.

Arnaldur Hjartarson lögfræðingur og LL.M. var ráðinn í styrkta stöðu sérfræðings í fjármálarétti við stofnunina í desember frá og með 1. janúar 2014 til tveggja ára.

Útgáfa – Ritröð Lagastofnunar

12. hefti ritraðar Lagastofnunar Háskóla Íslands, *Um sönnun í sakamálum 2. útg.*, kom út í ársbyrjun 2013. Höfundur er Stefán Már Stefánsson prófessor og naut hann aðstoðar Thelmu Þorbjargar Sigurðardóttur, meistaranema í lögfræði. Þetta var í fyrsta sinn sem efni ritraðar var uppfært og endurútgæfið og gaf það góða raun en fljótlega eftir að fyrra hefti kom út árið 2007 tóku gildi ný lög um meðferð sakamála. Þá höfðu verið kveðnir upp allmargir hæstaréttardómar sem einnig gáfu tilefni til endurskoðunar á efninu.

Ritröðin hefur verið gefin út í 9 ár eða frá árinu 2005. Komið hafa út eitt til tvö hefti árlega utan ársins 2010 þegar ekkert var gefið út en það ár var unnið að útgáfu tveggja stórra ritgerða sem báðar komu út árið 2011. Árið 2012 kom út ritgerð á ensku í 11. hefti ritraðarinnar og var það í fyrsta skipti sem útgáfan var ekki á íslensku en væntanlega ekki það síðasta þar sem sífellt meiri krafa er um alþjóðlegar birtingar í vísindasamfélaginu.

Stefnt er að því að gefa út eitt hefti ritraðarinnar á ári. Hefur áskrifendafjöldi, sem er í kringum 130 einstaklingar, lögmannsstofur og stofnanir, staðið undir kostnaði við útgáfuna, sem ekki er rekin með hagnað fyrir augum heldur eingöngu að hún sé ekki rekin með tapi og hefur það tekist frá upphafi.

Endurmenntunarnámskeið

Lagastofnun hélt átta endurmenntunarnámskeið á árinu, þar af eitt í samstarfi við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni, fyrir dómara, lögfræðinga, sjálfstætt starfandi lögmennt og aðra sérfræðinga. Er þetta nýjung í starfsemi stofnunarinnar og hefur aðsókn verið ákaflega góð. Kennarar deildarinnar og helstu sérfræðingar hver á sínu sviði kenna á námskeiðunum sem eru orðin fastur liður í starfi stofnunarinnar. Erlendir sérfræðingar voru fengnir sérstaklega til landsins á vegum Lagastofnunar til að halda tvö námskeið um ríkisstyrki og mæltist það vel fyrir hjá þátttakendum. Námskeiðin voru sem hér segir:

23.-25. janúar – Ríkisstyrkir – Námskeið um löggjöf og dómafordæmi EFTA-dómstólsins

Þriggja daga námskeið á ensku þar sem kennari var Magnus Schmauch, aðstoðarmaður Páls Hreinssonar við EFTA-dómstólinn og sérfræðingur á sviði ríkisstyrkjälöggjafar.

Oft leikur vafi á því hvort aðgerðir opinberra aðila teljist til ríkisaðstoðar og þegar svo er, hvort sú aðstoð samrýmist reglum EES-samningsins um lögmeða ríkisaðstoð. Á námskeiðinu var farið yfir löggjöf um ríkisaðstoð með áherslu á hagnýt og gagnleg atriði. Námskeiðið var skipulagt fyrir lögmennt, lögfræðinga og sérfræðinga, hvort heldur í einkarekstri eða í stjórnýslu og hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Námskeiðið fól í sér umfangsmikla kynningu og yfirferð yfir þrjú meginsvið: Skilgreiningu á ríkisaðstoð, framkvæmdina samkvæmt löggjöf um ríkisaðstoð með yfirsýn yfir hlutverk þeirra sem fjalla um ríkisaðstoð innan einstakra ríkja og á vettvangi Evrópusambandsins, auk umfjöllunar um reglur á tilteknum sviðum.

Kennt var þrjú eftirmiðdaga, miðvikudag til föstudags. Fyrir hádegi föstudaginn 25. janúar var sérstök kynning á nýlegum dómum EFTA-dómstólsins sem fjalla um ríkisstyrki.

Þátttakendur voru frá ráðuneytum, stofnunum ríkis og sveitarfélaga, lögmannsstofum og fleiri aðilum.

21. febrúar – Rannsóknarreglan með hliðsjón af EES-samningnum

Kennari: Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn og sérfræðingur á sviði stjórnýsluréttar.

Á námskeiðinu var fjallað um rannsóknarreglu stjórnýslulaga nr. 37/1993. Rannsóknarreglan er grundvallarregla varðandi undirbúning ákvarðana af hálfu stjórnýslunnar og skiptir inntak hennar og beiting miklu bæði fyrir stjórnýsluna og borgarana. Á námskeiðinu var fjallað um framkvæmd reglunnar í íslenskum rétti, en einnig gerð grein fyrir áhrifum og kröfum sem leiða af Mannréttindasáttmála Evrópu og ákvæðum EES-samningsins.

Námskeiðið byggðist á kafla í væntanlegri bók Páls Hreinssonar um stjórnýslurétt og var ekki síður ætlað starfandi lögmonnum en starfsmönnum stjórnýslunnar.

Þátttakendur voru að meirihluta úr stjórnýslunni en einnig allmargir frá lögmannsstofum.

21. febrúar – Breytingar á barnalögum – efnisreglur og málsmeðferð

Námskeið fyrir héraðsdómara í samstarfi við Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni (RÁS). Kennari: Hrefna Friðriksdóttir, dósent í fjölskyldu- og erfðarétti við lagadeild HÍ.

Fjallað var um breytingar á gildandi barnalögum nr. 76/2003 með lögum nr. 61/2012 og 144/2012. Kynntar voru nýjar efnisreglur um réttarstöðu barna og foreldra og lögð áhersla á að fjalla um lausn ágreiningsmála. Rætt var um þær kröfur sem gerðar eru áður en mál er höfðað, málsmeðferð fyrir dómi og þau lögfestu sjónarmið sem leggja á til grundvallar úrlausnum. Var fyrst og fremst litið til úrlausna mála um forsjá, lögheimili, umgengni og mála um beitingu þvingunarúrræða vegna forsjár eða umgengni.

Þátttakendur voru frá flestum dómaraembættum landsins.

5. apríl – Skyldur dómara samkvæmt ESB- og EES-rétti

Námskeið fyrir dómara. Kennari: Dóra Guðmundsóttir LL.M. og aðjúntkt við lagadeild HÍ.

Á námskeiðinu var fjallað um reglur Evrópusambandsins um skyldur dómstóla aðildarríkjanna við að framfylgja reglum sambandsréttar. Áhersla var lögð á réttarúrræði og málsmeðferðarreglur í einkamálum. Þá var fjallað um túlkun EES-samningsins og skyldur dómara hér á landi við meðferð einkamála sem falla undir gildissvið EES-samningsins. Rætt var um það að hve miklu leyti sambærilegar skyldur verða leiddar af EES-samningnum og við á innan ESB, m.a. með hliðsjón af dómum EFTA-dómstólsins.

Þátttakendur voru frá flestum dómaraembættum landsins.

11. apríl – Andmælairegla stjórnarsýslulaga

Kennari: Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn og sérfræðingur á sviði stjórnarsýsluréttar.

Andmælaireglan er ein af grundvallarreglum íslensks stjórnarsýsluréttar. Á námskeiðinu var fjallað um andmælaireglu stjórnarsýslulaga sem lögfest er í 13. og 18. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og um tengsl hennar við önnur ákvæði laganna. Fræðilega er auðveldast að nálgast 13. og 18. gr. stjórnarsýslulaga með því að leggja til grundvallar að í þeim komi fram þrenns konar andmælaireglur.

Í fyrsta lagi regla sem fjallar um það hvenær stjórnvald verður að eigin frumkvæði að gefa aðila máls sérstakt færi á því að tjá sig um það áður en ákvörðun er tekin.

Í öðru lagi er um að ræða reglu þar sem aðila máls er tryggður réttur til þess að geta að eigin frumkvæði á hvaða stigi málsmeðferðar sem er krafist þess að fá máli frestað til þess að geta tjáð sig um það.

Í þriðja lagi hefur andmælaireglan síðan annað efnisinntak þegar fleiri en einn eiga aðild og hafa ólíkra hagsmuna að gæta. Farið var yfir þessar reglur og inntak þeirra skýrt og sérkenni dregin fram.

Námskeiðið byggðist á kafla í nýrri bók Páls Hreinssonar um stjórnarsýslurétt og þátttakendur voru frá ráðuneytum, stofnunum ríkis og sveitarfélaga, lögmannsstofum og fleiri aðilum.

19. september – Það sem þú hefur alltaf viljað vita um ríkisstyrki – Vegvísir sérfræðingsins

Námskeið á ensku. Kennarar: Maria J. Segura Catalán og Marianne Clayton, lögfræðingar sem báðar störfuðu um árabíl sem sérfræðingar ESA á sviði samkeppnismála og ríkisstyrkja.

Námskeiðið var sérstaklega skipulagt fyrir sjálfstætt starfandi lögmenn, lögfræðinga og sérfræðinga, svo og lögfræðinga og sérfræðinga í stjórnslu og hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Á námskeiðinu var lögð sérstök áhersla á hagnýt og gagnleg atriði, svo sem nýjar verklagsreglur og málsmeðferðarreglur, hvernig samskiptum við ESA væri best háttað, ákvarðanaferlið innan ESA, mikilvæg atriði tengd ákvörðunum sem varða Ísland o.fl.

Þátttakendur voru frá ráðuneytum, stofnunum ríkis og sveitarfélaga, lögmennastofum og fleiri aðilum.

22. október – Ráðningarréttur

Kennari: Lára V. Júlíusdóttir hrl. og lektor við lagadeild HÍ.

Á námskeiðinu var fjallað um ráðningar starfsmanna, meginreglur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, hvernig vinnumarkaðurinn skiptist upp, mismunandi reglur, kjör og sjónarmið sem gilda fyrir hópa á vinnumarkaði. Fjallað var um ráðningarsamninga, þau atriði sem gæta þarf við ráðningu og svo sjónarmið varðandi breytingar á honum og reglur um uppsögn. Farið var yfir helstu lög sem snerta kjör á vinnumarkaði.

Farið var yfir meginreglur á vinnumarkaði, gildandi lög sem snerta ráðningarsamband í íslenskum vinnurétti, ráðningarsamninginn, upphaf, réttindi og skyldur. Þá var fjallað um starfslok, uppsagnir, brottvísun og starfslokasamninga.

Þátttakendur voru að meirihluta frá félagasamtökum og fyrirtækjum.

14. nóvember – Jafnrétti og bann við mismunun

Kennari: Brynhildur G. Flóvenz, dósent við lagadeild HÍ.

Fjallað var um jafnrétti og bann við mismunun á vinnumarkaði. Annars vegar um réttindi og skyldur samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og hins vegar tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/78/EC um bann við mismunun á vinnumarkaði vegna aldurs, fötlunar, kynhneigðar og trúar. Unnið er að innleiðingu tilskipunarinnar. Lögð var áhersla á skyldur vinnuveitenda samkvæmt jafnréttislögum en lögin leggja margvíslegar skyldur á vinnuveitendur. Þekking á jafnréttislögum og túlkun þeirra er lykilatriði við ákvarðanatöku í starfsmannamálum, ekki síst við ráðningar í störf og ákvörðun launa og kjara.

Umfjöllunin fól í sér yfirlit yfir lög og reglur sem varða jafnrétti og bann við mismunun á vinnumarkaði. Hverjar eru helstu skyldur vinnuveitenda, einkum opinberra, á sviði jafnréttis. Ráðningar í störf og mat á hæfni umsækjenda, hvað ber að varast. Ákvörðun launa og annarra kjara.

Þátttakendur voru lögfræðingar og stjórnendur hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og fyrirtækjum.

Norrænt rannsóknaseminar í fjármunarétti

Lagastofnun stóð fyrir norrænu rannsóknaseminar í fjármunarétti (Nordiske formueretsdager 2013) dagana 17.-19. apríl en þetta er í fyrsta skipti sem það er haldið á Íslandi. Norrænir fjármunaréttardagar hafa verið haldnir annað hvert ár frá árinu 1994 til skiptis á Norðurlöndunum. Þátttakendur voru tæplega 100, meirihluti erlendir, frá 16 háskólum í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Lögmannsstofan LEX var aðalstyrktaraðili en Letterstedtska föreningen veitti minni styrk.

Dagskrá seminarsins:

Onsdag 17. apríl 2013 (Hátíðarsalur, Íslands Universitet, Suðurgata)

- 19.00 Velkommen, Eiríkur Jónsson, Íslands Universitet
- 19.15-19.30 Det juridiske fakultet i Island 1911-2013 – Róbert R. Spanó dekan
- 19.30 Modtagelse (Lögberg, det juridiske fakultetets hus, Íslands Universitet)

Torsdag 18. apríl 2013 (Háskólatorg (Ht) lokale 102, Íslands Universitet)

- 09.00-10.30 Kreditvurðingarsinstitútsins skadestandsráttsliga ánsvar - Aron Verstándig, Stockholms Universitet
Kommentar: Nina Dietz Legind, Syddansk Universitet
Ordstyrer: Eyvindur G. Gunnarsson, Íslands Universitet
- 10.30-10.45 Kaffepause
- 10.45-12.15 Erstatningsopgørelser i kontraktforhold - Torsten Iversen, Aarhus Universitet
Kommentar: Ása Ólafsdóttir, Íslands Universitet
Ordstyrer: Mads Bryde Andersen, Københavns Universitet
- 12.15-12.45 Frokost (Háma, Háskólatorg)
- 12.45-14.15 Urimelige aftalevilkår med hensyn til EU ret og forbrugernet - Ulf Bernitz, Stockholms Universitet
Kommentar: Marie Jull Sørensen, Aalborg Universitet
Ordstyrer: Johan Bärlund, Helsingfors Universitet
- 14.15-14.30 Kaffepause
- 14.30-15.30 Bankkrisen i Island og virkningen på finansielle forpligtelser -Þorgeir Örlygsson, Højesteret, Island
Ordstyrer: Erik Røsæg, Universitetet i Oslo
- 16.30 Tur ud på landet til Þingvellir, Gullfoss og Geysir – Middag
Bus fra Radisson Blu Saga Hotel. Tilbage omkring kl. 23.30

Fredag 19. apríl 2013 (Háskólatorg (Ht) lokale 102)

- 09.00-10.30 Upplýsningsplikt på värdepappersmarknaden - Olli Norros, Helsingfors Universitet
Kommentar: Kai Krüger, Universitetet i Bergen
Ordstyrer: Stefán Már Stefánsson, Íslands Universitet
- 10.30-10.45 Kaffepause
- 10.45-12.15 Ugyldighet og lempning – to veier til samme resultat? - Torbjörn Ingvarsson, Uppsala Universitet
Kommentar: Hilde Hauge, Universitetet i Bergen
- 12.15-12.30 Afslutning
- 12.30 Frokost (Háma, Háskólatorg)

Hvatakerfi vegna rannsókna

Komið var á hvatakerfi fyrir starfsmenn lagadeildar af hálfu Lagastofnunar með það að markmiði að framfylgja stefnu Lagastofnunar og lagadeildar 2011-2016 og fjölga umsóknum starfsmanna lagadeildar í samkeppnissjóði. Af því tilefni voru verklagsreglur vegna styrkja Lagastofnunar HÍ til að vinna umsóknir í samkeppnisrannsóknasjóði samþykktar af stjórn stofnunarinnar í maí. Umbunað verður fyrir góðar umsóknir í innlenda og erlenda

samkeppnissjóði sem ekki fá styrk auk þess sem greidd verður viðbótargreiðsla til rannsóknarverkefna sem fá styrki úr samkeppnissjóðum.

Rannsóknadagur Lagastofnunar og hádegisfundir um rannsóknir

Í september var haldinn Rannsóknadagur Lagastofnunar en slíkur dagur var fyrst haldinn 2012 og gafst vel. Markmiðið er að auka samstarf innan og utan deildar um rannsóknaverkefni og stigamat, fá sérfræðinga til að miðla reynslu sinni og veita upplýsingar um stoðþjónustu auk þess að fá sjónarmið einstakra starfsmanna deildarinnar varðandi styrkjamál.

Þá voru haldnir tveir hádegisfundir helgaðir rannsóknum þar sem Lagastofnun bauð í mat og umræður. Rannsóknadagurinn og hádegisfundir hafa gefist vel og eru að festa sig í sessi í starfsemi stofnunarinnar.

Samstarfssamningur Lagastofnunar og Fjármálaeftirlitsins

Lagastofnun Háskóla Íslands og Fjármálaeftirlitið skrifuðu undir samstarfssamning í árslok í þeim tilgangi að efla rannsóknir á sviði fjármálaréttar. Samningurinn kveður á um styrk til Lagastofnunar um tæpar átta milljónir króna á ári í tvö ár eða í heild um 16 milljónir á samningstímanum.

Samkvæmt samningnum hefur Lagastofnun ráðið Arnald Hjartarson, lögfræðing og LL.M., í fullt starf sérfræðings til að sinna rannsóknum í fjármálarétti, þ.m.t. á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja og eftirlitsaðila. Auk þess er gert ráð fyrir að haldin verði námskeið og fræðafundir fyrir starfsfólk Fjármálaeftirlitsins í tengslum við þau rannsóknaverkefni sem unnið verður að á hverjum tíma og ákveðin eru sameiginlega af samningsaðilum.

Málstofur, málþing, opnir fundir og ráðstefnur

6. mars

Beint lýðræði, kostir og gallar – Opinn fundur á ensku

Frummælendur: **Bruno Kaufmann forstöðumaður Initiative and Referendum Institute Europe og Jón Ólafsson prófessor á Bifröst.**

Fundarstjóri: Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar formanns Framsóknarflokksins.

Erindi Bruno Kaufmann: People power now!?

How can the needs of a robust and stable democratic system be smartly combined with an open opportunity structure for direct citizens' participation? What can be (and shouldn't be!) learnt from the Swiss experience? And what about the key direct democratic reforms launched by the Icelandic Constitutional Council?

Erindi Jóns Ólafssonar: Are referenda a good way of involving the public in politics?

One way to increase democratic participation is through national and local referenda on political issues. Referenda are, however, neither the only way, nor necessarily the best way, to involve the public in policy- and decision-making. Pros and cons of national referenda will be discussed and some alternative ways of public consultation.

20. mars **ESB og auðlindirnar – Opinn fundur**
 Frummælandi: **Stefán Már Stefánsson prófessor við lagadeild HÍ.**
 Fundarstjóri: María Thejll forstöðumaður Lagastofnunar.
 Íslenskar lagareglur geta mælt fyrir um eignarhald og nýtingu íslenskra náttúruauðlinda. Þetta gildir þó innan þeirra marka sem leiða má af þjóðréttarsamningum sem Ísland hefur gert. Að hvaða marki er unnt að áskilja íslenska ríkinu og borgurum þess eignarrétt og stjórnunarrétt að auðlindum landsins þannig að samræmist reglum ESB og EES-samningnum? Er unnt að skylda aðilarríki til að nýta orkuauðlindir í þágu annarra aðildarríkja og ef svo er að hvaða marki?
11. apríl **Recent Case law of the EFTA Court – The Icsave saga – Opinn fundur á ensku**
 Frummælandi: **Carl Baudenbacher forseti EFTA dómstólsins.**
 Fundarstjóri: Aðalheiður Jóhannsdóttir deildarforseti lagadeildar HÍ.
 Undanfarin misseri hefur EFTA-dómstóllinn fjallað um nokkur mál sem varða lagalegar afleiðingar falls íslensku bankanna. Dómstóllinn hefur einnig kveðið upp tvo fordæmisgefandi dóma í samkeppnisrétti. Síðast en ekki síst hefur EFTA-dómstóllinn skýrt nokkur mikilvæg réttararsleg atriði sem lúta að hlutverki æðstu dómstóla aðildarríkjanna og heimilda Eftirlitsstofnunar EFTA til að höfða mál vegna ætlaðra brota á EES-samningnum. Í erindi sínu fór Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, yfir og ræddi fyrirbyggjandi dómafordæmi og þá þróun sem orðið hefur.
24. apríl **Lögmæti og sanngirni verðtryggðra lána í ljósi evrópsks neytendaréttar**
 Frummælandi: **M. Elvira Méndez-Pinedo, prófessor í Evrópurétti við lagadeild HÍ**
 Fundarstjóri: María Thejll forstöðumaður Lagastofnunar
 Elvira kynnti rannsókn sína á íslenskum neytendalánum þ.m.t. fasteignaveðlánum í ljósi löggjafar Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Hún fór yfir löggjöf Evrópusambandsins um neytendalán, fyrirhugaða löggjöf um fasteignaveðlán og bestu framkvæmd samkvæmt þjóðarétti. Niðurstöður benda til að löggjöf ESB tryggi rétt neytenda með kröfum um upplýsingagjöf og gagnsæi þ.e. lögmætismat auk sanngirnismats en í því felst eftirlit með óréttmætum og ósanngjörnum samningsákvæðum og samningsskilmálum. Þessar reglur eiga að öllu leyti við hér á landi vegna upptöku þeirra í EES-samninginn.
19. september **Icsave – Fræðafundur fyrir norsku lögmansstofuna Ness Lundin**
 Frummælandi: Stefán Már Stefánsson prófessor við lagadeild HÍ.

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Samkvæmt samningi Lagastofnunar við Mannréttindastofnun HÍ (MHÍ), sinnir Lagastofnun almennri framkvæmdastjórn fyrir MHÍ og forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður MHÍ. Í þjónustunni felst m.a. umsýsla sem tengist árlegri útgáfu reifana dóma Mannréttindadómstóls Evrópu svo og útgáfu annarra rita á vegum MHÍ, styrkjamálum, ráðstefnu- og fundahaldi, umsjón með fjármálum og heimasíðu stofnunarinnar, störf ritara á stjórnarfundum, svo og öðrum verkefnum sem til falla hverju sinni. Forstöðumaður sækir eftir atvikum fundi fyrir MHÍ erlendis sem tengjast málefnasviði stofnunarinnar og alþjóðasamstarfi. Að jafnaði er miðað við að vinnuframlag nemi u.þ.b. 5-6 vikna vinnu. Nánari upplýsingar um starfsemi MHÍ árið 2013 er að finna í ársskýrslu stofnunarinnar.

Ritstörf kennara lagadeildar 2013

Tímaritsgreinar, bókakaflar, bækur þ.m.t. kennsluefni og ritstjórn

Benedikt Bogason, dósent

- *Réttur kröfuhafa til viðbótargreiðslu og fullnaðarkvittun*. Tímarit lögfræðinga, 2. hefti 2013, bls. 117-143.

Björg Thorarensen, prófessor

- *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og einkenni íslenskrar stjórnskipunar*. Handrit til kennslu við lagadeild Háskóla Íslands. Úlfjótur, Reykjavík 2013.
 - "The Impact of the Financial Crisis on Icelandic Constitutional Law. Legislative Reforms, Judicial Review and Revision of the Constitution." Bókarkafli í ritinu *Constitutions in the Global Financial Crisis. A Comparative Analysis*. Edited by Xenophon Contiades. Ashgate 2013, bls. 263-283.
- Ritstjórn
- Í ritnefnd *Afmælisrit Páls Sigurðssonar*, prófessors við Lagadeild HÍ frá 2013.

Eiríkur Jónsson, prófessor

- *Endurupptaka samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga*. Tímarit lögfræðinga, 3. hefti 2013, bls. 209-239.
- *Vernd auðkenna og atvinnuleyndarmála í lögum nr. 57/2005* (ásamt Halldóru Þorsteinsdóttur hdl.). Úlfjótur, 2. tbl. 2013, bls. 99-133.

Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor

- *Lagareglur um verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði*. Úlfjótur, tímarit laganema, 4. tbl. 2013, bls. 403-440.
- Ritstjórn
- Formaður ritnefndar *Afmælisrit Páls Sigurðssonar*, prófessors við Lagadeild HÍ frá 2013.

Hrefna Friðriksdóttir, dósent

- *Arverettslige utviklingstrekk i Island*. Í Samfunnsutvikling og arverettslige utfordringer. Red. Thomas Eeg. Cappelen Damm. Osló 2013, bls. 39-52.
- *Barnalögin nr. 76/2003 með síðari breytingum*. Innanríkisráðuneytið. Reykjavík 2013.

Kristín Benediksdóttir, lektor

- *Einkamálaréttarfar*. Ásamt Markúsi Sigurbjörnssyni. Handrit til kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands. Úlfjótur. Reykjavík 2013.

Lára V. Júlíusdóttir, lektor

- *Ráðningarréttur, réttindi og skyldur á vinnumarkaði*. Handrit til kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands. Reykjavík 2013.

M. Elvira Mendez Pinedo, prófessor

- *The Icesave saga: Iceland wins battle before the EFTA Court*. Symposium European Integration Through Law: Judicial Review of the Eurozone Crisis in European National, Regional and Supranational Courts, *Michigan Journal of International Law*, Emerging Scholarship Project 2013, pp. 101-111.

- "Nota a la sentencia *Icesave* del Tribunal de la Asociación Europea de Libre Comercio de 28 de Enero de 2013. Garantía de depósitos bancarios, discriminación territorial y deuda soberana tras la crisis financiera en Islandia", *Revista de Derecho Comunitario Europeo*, 2013, no 46.
- "Island und Europa 2012 – am Scheideweg?", with Irina Domurath, Ph. D. student at University of Iceland and Copenhagen University, chapter in book by Dieter Freiburghaus and Georg Kreis (eds.), *Der EWR - verpasste oder immer noch bestehende Chance?* in der Reihe Neue Polis des NZZ-Verlags, 2013, pp. 71-80.

Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor

- *Discrimination as a Magnifying Lens: Scope and Ambit under Article 14 and Protocol 12*. Í Eva Brems and Janneke Gerards (eds), *Shaping Rights in the ECHR: The Role of the European Court of Human Rights in Determining the Scope of Human Rights*. Cambridge University Press, 2013, bls. 567-599.
- *Íslenskur heilbrigðisréttur I – er heilbrigðisréttur sjálfstætt réttarsvið?* Tímarit lögfræðinga, 1. tbl. 2013, bls. 75-98.
- *Íslenskur heilbrigðisréttur II – Þróun, meginreglur og grundvallarkenningar*. Tímarit lögfræðinga, 2. tbl. 2013, bls. 145-182.
- Monographs
Oddný Mjöll Arnardóttir, *Equality and Non-Discrimination under the European Convention on Human Rights* (Martinus Nijhoff, 2013).

Páll Sigurðsson, prófessor emeritus

- *Lagastaður – Um lagamenn fyrri alda og um lög frá ýmsum tímum*. Bókaútgáfan Codex 2013, 223 bls.

Pétur Dam Leifsson, dósent

- *Hugleiðingar um afstöðu Bandaríkjanna til þjóðaréttar*. Tímarit lögfræðinga, 4. tbl. 2013, bls. 351-377.
- *Nokkrar hugleiðingar um stöðu alþjóðastofnana að þjóðarétti*. Úlfljótur, tímarit laganema, 2. tbl. 2013, bls. 173-196.

Ragnheiður Bragadóttir, prófessor

- *Incestforbrydelsen ifølge islandsk ret*. Í: *Argumentation i nordisk straffrett*. Red.: Kerstin Nordlöf. Norstedts Juridik AB, Stockholm 2013. Bls. 52-68.
- *Hvordan straffes der for voldtægt?* Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab, december 2013, 100. årgang nr. 3. Útgef.: De Nordiske kriminalistforeninger med støtte af Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi. Bls. 288-301.
- *Miljøstrafferet i de nordiske lande*. Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab, juli 2013, 100. årgang nr. 2. Bls. 193-194.
- *Straf for miljøforbrydelser i Island*. Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab, juli 2013, 100. årgang nr. 2. Bls. 257-271.
- *Norræna sakfræðiráðið – Norræn samvinna á sviði afbrotafræði og refsiréttar*. Úlfljótur – Tímarit laganema, 1. tbl. 2013 – 66. árg. Útgef.: Orator, félag laganema, Háskóla Íslands. Bls. 67-84.

- *Ársrapport 2012 – Scandinavian Research Council for Criminology 50 years*. Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi. Útgefin af Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi. Aarhus Universitet, Århus, mars 2013. 50 bls.
Ritstjórn
- *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab*, júlí 2013, 100. árgang nr. 2. Temahæfte om strafudmåling for miljøforbrydelser. Gæsterektor. – 79 bls.
- *Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab (NTfK)*. Er einn af ritstjórum NTfK frá og með árinu 1999. Útgefandi: De Nordiske Kriminalistforeninger med støtte af Nordisk Samarbejdsråd for Kriminologi (Norræna sakfræðiráðið, NSfK). Ritrynt tímarit.
- Í ritnefnd *Afmælisrit Páls Sigurðssonar*, prófessors við Lagadeild HÍ frá 2013.

Skúli Magnússon, dósent

- *State Liability in EEA Law: Towards Parallelism or Homogeneity?*, ásamt Ólafi Ísberg Hannessyni. *European Law Review*, 2. tbl. 2013.
Ritstjórn
- Í ritnefnd *Afmælisrit Páls Sigurðssonar*, prófessors við Lagadeild HÍ frá 2013.

Stefán Már Stefánsson, prófessor

- *Hlutafélagaréttur*. Hið íslenska bókmenntafélag 2013, 552 bls.
- *Um sönnun í sakamálum*, 2. útg. 12. hefti ritraðar Lagastofnunar Háskóla Íslands. Bókaútgáfan Codex. Reykjavík 2013.

Viðar Pálsson, lektor

- *Sveinbjörn Rafnsson. Af fornum lögum og sögum. Fjórar ritgerðir um forníslenska sögu*. Saga-Book 37 (2013).
- *Staðarhólsbók Grágásar*. 66 handrit úr fórum Árna Magnússonar. Ed. Svanhildur Óskarsdóttir. Reykjavík: Den Arnamagnæanske Samling, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Bókaútgáfan Opna, 2013, 102-103, 112-113.